



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 22. fundur aðalstjórnar  
**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson  
**Fundarritari:** Davíð Þór Sigurðarson

**Dagsetning:** 04.06.2013  
**Staður:** Hettan  
**Tími :** 20:00

#### Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar
Hjálmar Elíesersson, formaður Taekwondo	Lovísa Hreinsdóttir, formaður Blakdeildar
Anna Dís Jónsdóttir, formaður fimleikadeildar	Svanhvít Antonsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar

#### Fjarverandi:

Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn	Michal Janicek, formaður Tennis og badmintondeildar
Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn	Árni Ólason, formaður fótboltadeildar
Guðbjörg Björnsdóttir, formaður sunddeildar	

### 2. Markmið fundar

Taka fyrir afstöðu til tveggja samninga og kynning á styrkjum vegna ákveðinna verkefna.

### 3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Samningur Lí	Davíð	10
Fyrirspurn frá Atlantsolíu	Davíð	10
Hattardagurinn	Davíð	15
Styrkur vegna Move week	Davíð	10
Styrkur vegna ferðar til Runavík í Færeyjum	Davíð	10
Afmælisárið 2014	Davíð	10



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 4. Helstu umræður

#### Afmælishátíð 40 ára

Davíð óskar eftir aðstoð deilda til að finna áhugasamt fólk til að sitja í afmælisnefnd fyrir næsta ár. Skoðaðar voru vörur og fánar vegna afmælisins sem hafa verið keyptir. Hjálmar kom með hugmynd er varðar að tengja afmælishátíðina og hápunkt hennar Ormsteiti 2014. Skoða þarf það í samstarfi við sveitarfélagið og skipulag þeirrar hátíðar.

#### Samningur Lí

Samningur við Landsbankann rennur út árið 2013 og hefur bankinn óskað eftir viðræðum um framlengingu. Lagður hefur verið sami samningur og síðustu 3 ára til framlengingar um 1 ár. Sá samningur er lagður til.

#### Fyrirspurn frá Atlantsolíu

Send var fyrirspurn frá Atlantsolíu um samstarf við Hött og haldinn var fundur með formanni félagsins sem fékk kynningu á hugmyndum félagsins. Lagður hefur verið drög að samningi til Hattar sem tekin voru fyrir. Stjórnin leggur til að breytinga á fyrstu drögum sem sent verða á Atlantsolíu. Stjórnin er aftur á móti mjög ánægð með vilja félagsins til samstarfs og sýna þeir frumkvæði allar olíufélaga til að styrkja starf innan Hattar.

#### Umræður vegna úthlutunar sameiginlegra samninga frá aðalstjórn

Út frá fyrri liðum um samninga var umræða um framkvæmd fjármuna og áherslur Hattar er kemur til sameiginlegra styrkja. Ákveðið var að formenn deilda á fundinum myndu senda inn þeirra bókanir er varðar þetta mál.

Meðal þess sem rætt var um að skoða breytt fyrirkomulag er varðar styrkjaúthlutun frá aðalstjórn og hugsanlegar leiðir í því. Meðal annars skipulagning og skilgreining á meistaraflokkastarfi allra deilda og auknir fjármunir muni renna í það starf. Ákveðið er að stjórnin skoði þetta og hugsanlega sendi á milli sín tillögur sem verði rædd í haust.

*Tillaga frá fimleikadeild Hattar:*

*Meistaraflokkar sem keppa utan fjórðungs þurfa meiri fjármuni en aðrir. (Eins þarf t.d. fimleikadeild Hattar að sækja æfingar vegna aðstöðuleysis utan fjórðungs og fór meistarahópur deildarinnar 4x til Garðabæjar á síðasta keppnistímabili.)*

*Tillaga fimleikadeildar er sú að þeir sem eru með lið í meistaraflokkum sem keppa utan fjórðungs á Íslandsmótum fái jafnaskiptingu á fjármunum sem um ræðir. Ef einstaklingar eiga í hlut fá þær deildir sem nemur 1/10(?) hluta fyrir hvern einstakling sem sækir Íslandsmót utan fjórðungs .*



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Meistaraflokkur telur einstaklinga sem eru 16 ára og eldri og æfa jafnframt frítt hjá sínum deildum. Í meistaraflokkum geta líka verið efnilegir einstaklingar undir 16 ára en þeir greiða sínar ferðir sjálfir og einnig æfingargjöld.

Skilyrði er að þeir sem eru í meistaraflokkum eru á samning hjá viðkomandi deild, æfi af kappi og eru fyrirmyndir út á við.

### Styrkur vegna Move week

Í fyrra tók Höttur þátt í Move week sem er alþjóðlegt verkefni innan UMFÍ. Eftir því var tekið hvernig fyrirkomulag Höttur og Fljótsdalshérað hafði á þessum viðburði sem er í október ár hvert. Formaður Hattar var boðaður á fund með UMFI, UÍA og Fljótsdalshéraði þar sem rætt var um áframhaldandi samstarf og frekari þróun á þessu verkefni og þar með fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög og íþróttafélög á Íslandi. Formaður sótti um styrk í fræðslusjóð UMFÍ og voru veittar 150 þúsund kr til verkefnsins þetta árið og mun formaður leiða þá vinnu frekar.

### Styrkur vegna ferðar til Runavíkur í Færeyjum

Sveitarfélögin Fljótsdalshérað og Runavík hafa gert með sér samstarfssamning og vinarbæjartengls og meðal þess er samvinna á sviði íþróttamála. Davíð sótti um styrk til Fljótsdalshéraðs eftir að ljóst var að engar deildir sóttu um úthlutun vegna ársins 2013. Þema umsóknar var að skipuleggja ferð til Runavíkur í Færeyjum þar sem forsvarsmenn þeirra deilda sem hefðu áhuga færðu og myndu kynna sér og mynda tengsl við félögin í Runavík. Davíð óskar eftir því að þeir formenn sem vilja taka þátt í þessu sendi það inn til frekari skipulagningar.

### Hattardagurinn

Hattardagurinn 2012 var haldinn í fyrsta sinn í fyrra og gekk mjög vel. Ákveðið er að halda hann aftur í ár. Tillaga formanns er 15. Júní 2013 og verður nánari skipulagning ákveðin.

## 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Samningur Lí samþykktur. Senda nýja tillögu er varðar samning við Atlantsolíu.

## 6. Aðgerðalisti

	Hver	Í samvinnu	Dags.
--	------	------------	-------



Fundargerð  
Íþróttafélagið Höttur

Hvað		við	
Senda nýja tillögu til Atlantsolíu	Davíð		10.júní
Formenn deilda senda inn bókun er varðar úthlutun umræðu	Formenn		10.júní
Skipulagning Hattardagur	Davíð		10.júní
Senda samþykkt til Landsbankans	Davíð		8.júní

Fundi slitið Kl. 21:30

Davíð Þór Sigurðarson